



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 127/1518

komudagur 26.3.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 22.mars 2002.

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 113/1999 o.fl., 582. mál.

Frumvarpinu m.a. er ætlað taka af vafa um greiðsluskyldu tiltekinna einstaklinga til lífeyrissjóðs. Sú breyting er nauðsynleg. ASÍ tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu og gerir ekki við það sérstakar athugasemdir.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,
deildarstjóri Vinnuréttardeildar.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. mars 2002

Efni: Umsögn BHM um 582. mál


Vísað er til bréfs yðar, dags. 18. mars 2002, varðandi umsögn um 582. mál. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um frumvarpið eins og það liggur fyrir.

BHM styður frumvarpið í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á öðrum lögum sem vitnað er til í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu og m.t.t. löggjafarstefnu í lífeyrismálum og varðandi tryggingargjald og ráðstöfun þess gjalds.

Varðandi málskotsleið og rök fyrir henni í athugasemdum með 2. gr. bendir BHM þó á að huga þurfi að *jafnræði* m.t.t. skilvirkra og ódýrra réttarúrræða öðrum til handa – en á slíkum úrræðum er stundum skortur.

BHM telur að ákvæði 4. gr. frumvarpsins hefði betur verið sett fram sem sjálfstætt mál enda alls óskýlt aðalefni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Ósli Tryggvason,
frankvæmdarstjóri BHM.

Nýskráð hlutafélög og einkahlutafélög í janúar og febrúar 2001 og 2002 eftir atvinnugreinum.

	2002	2001
Heildarfjöldi	664	336
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	18	5
Fiskveiðar	72	21
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	0	0
Iðnaður	31	26
Veitur	0	0
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	132	31
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	71	52
Hótel- og veitingahúsarekstur	29	13
Samgöngur og flutningar	31	12
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	9	4
Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta	170	96
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	0	0
Fræðslustarfsemi	6	4
Heilbrigðis og félagsþjónusta	52	7
Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl.	2	3
Ótilgreind starfsemi	41	62



Alþingi
Erindi nr. P 127/1664
komudagur 5.4.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga, sem fjallar um ýmsar breytingar á lögum, þ.á.m. breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 582.mál. Um er að ræða nokkrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögnum í kjölfar breytinga frá s.l. hausti á lögum nr. 75/181, um tekjuskatt og eignarskatt. Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða einskorðast við þær breytingar sem lagt er til í frumvarpinu að gerðar séu við ákvæði laga nr. 129/1997.

Landssamtök lífeyrissjóða gera engar efnislegar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem varða breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík 2. apríl 2002

TILVÍSUN
2002030334

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. mars sl., var óskað eftir umsögn embættisins um frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á þrennum lögum, 582. mál.

Lagðar eru til breytingar á lögum um tryggingagjald og á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda þar sem kveðið er skýrar á um að reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila myndi stofn til tryggingagjalds og til lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða. Ríkisskattstjóri telur tillögurnar styrkja þá breytingu sem gerð var með lögum nr. 133/2001 og hefur engar athugasemdir við umrædda lagabreytingu.

Þá er lagt til að með breytingum á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda verði kveðið á um kæruehimild til ríkisskattstjóra á ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu í stað þess að kæruehimildin er nú til yfirskattanefndar. Breyting þessi á að hafa í för með sér skjótvirkari réttarúrræði þar sem um tímabundna ákvörðun er að ræða sem þarf að ganga fljótt fyrir sig. Ríkisskattstjóri hefur skoðað framkomna tillögu skv. 2. gr. frumvarpsins að breytingu á 6. gr. laganna og er sammála þessu sjónarmiði. Til að styrkja enn betur málsmeðferðarreglurnar leggur embættið fram breytingatillögu á 2. gr. frumvarpsins svohljóðandi:

2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við 6. gr. laganna bætist við tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Skattstjóri skal tilkynna launagreiðanda sem leggur fram áætlun um tekjur sínar í samræmi við tímafrest 1. mgr. um ákvörðun reiknaðs endurgjalds eigi síðar en 14 dögum fyrir eindaga, sbr. 3. mgr. 20. gr. Kærufrestur á ákvörðun skattstjóra skv. 1. málsl. og áætlun skattstjóra skv. 21. gr. um greiðsluskylda fjárhæð má skjóta til skattstjóra innan 15 daga talið frá og með þeim degi þegar tilkynning um vangreidda staðgreiðslu er póstlögð. Innan 15 daga frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur.

Kæruúrskurð skattstjóra skv. 3. mgr. má skjóta til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dags. ákvörðunar skattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári.

Til skýringa á þessari tillögu skal rakið í stuttu máli hvernig ákvörðun um reiknað endurgjald er tekin. Ríkisskattstjóri sendir öllum mönnum sem eru með eigin

atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og eru á launagreiðendaskrá í upphafi staðgreiðsluárs tilkynningu um viðmiðunarflokk og viðmiðunarfjárhæð til að auðvelda þeim þá skyldu að tilkynna skattstjóra fyrir 20. janúar ár hvert um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluári. Geri gjaldandi enga athugasemd við tilkynninguna ákvarðar skattstjóri tilkynnta fjárhæð sem reiknað endurgjald viðkomandi manns og ber honum að greiða mánaðarlega staðgreiðslu í samræmi við þá fjárhæð endurgjalds. Ef gjaldandi hefur fram að færa athugasemdir við tilkynningu ríkisskattstjóra ber honum að skila greinargerð til skattstjóra á eyðublaði, sem honum var sent með tilkynningunni. Félögum eru jafnframt send eyðublöð til áætlunar á reiknuðu endurgjaldi starfsmanna, sem undir reglur um það falla. Skattstjóra ber þá að endurskoða áætlunina og tilkynna gjaldanda um niðurstöðuna. Kærufrestur hefst ekki fyrir en tilkynning um vangreidda staðgreiðslu er póstlögð. Ef gjaldandi greiðir lægri staðgreiðslu en honum ber að gera samkvæmt fyrir nefndri ákvörðun eða innir hana ekki af hendi áætlar skattstjóri vangreidda fjárhæð og tilkynnir gjaldanda. Með tillögu ríkisskattstjóra er lagt til að 15 daga kærufrestur til skattstjóra hefjist með tilkynningu á vangreiddri staðgreiðslu og þeim úrskurði á kæru geti gjaldandi skotið til ríkisskattstjóra innan 15 daga. Ríkisskattstjóri tekur þá lokaákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári. Endanleg ákvörðun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi fer fram við álagningu opinberra gjalda árið eftir og er þá kæránleg til yfirskattanefndar eins og aðrar ákvarðanir um skattstofna og skattfjárhæð.

Virðingarfyllt



Indriði H Þorláksson



Guðmundur Guðbjarnason

Afrit: Fjármálaráðuneytið
Erla Pétursdóttir

Alþingi
Erindi nr. **P 127/1566**
komudagur 2.4.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2002

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytinga, 582. mál.


Samtök iðnaðarins telja að breytingarnar sem felast í frumvarpinu séu bæði eðlilegar og nauðsynlegar.

Breytingarnar sem voru gerðar á lögnum um tekju- og eignaskatt, þegar skatthlutföll lögaðila voru lækkuð verulega, gera nauðsynlegt að tryggja enn betur en fyrir að eigendur fyrirtækja reikni sér eðlileg laun fyrir vinnu við eigin rekstur.

Samtímis er nauðsynlegt að leiðin sé greið til þess að kæra fjárhæð reiknaðs endurgjalds til þess að koma í veg fyrir að eigendum fyrirtækja sé gert að greiða tekjuskatt af tekjum sem eru hærri en nemur raunverulegum tekjum þeirra af rekstrinum.

Samtök iðnaðarins styðja þess vegna að frumvarp þetta verði að lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Hafnarfirði, 26. mars 2002.

Alþingi

Erindi nr. P 127/1567

komudagur 2. 4. 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi, dags. 18. mars sl., var óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum um tryggingagjald o.fl., 582. mál.

Undirritaður er sammála þeim breytingum sem í frumvarpinu felast. Spurningar vakna þó varðandi 2. gr. Ekki er óalgengt að viðbrögð við reiknuðu endurgjaldi komi fyrst fram sem kæra á þegar ákvarðaða (áætlaða) staðgreiðslu. Slíku máli er nú beint til skattstjóra sem kveður upp úrskurð sem kæránlegur er til yfirskattanefndar. Er ótvírætt að lagaákvæðið nái til þessara tilvika? Önnur spurning er sú hvenær í þessu dæmi menn snúi sér til ríkisskattstjóra. Er ekki meiningin að það sé gert án þess að kæra málið fyrst til skattstjóra og er sú tilhögun nægilega skýr með þessari lagabreytingu? Sjá í því sambandi 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum.

Virðingarfyllst,
skattstjórinn í Reykjanesumdæmi,

Sigmundur Stefánsson

Sigmundur Stefánsson.

Skattstjórinn í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 127/005

komudagur 5.7.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2002

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. mars 2002, var óskað eftir umsögn minni um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (582.mál).

Með frumvarpi þessu, sem er 5 greinar, eru lagðar til breytingar á þrennum lögum. Ég tel eingöngu ástæðu til að fjalla um 2. gr. frumvarpsins.

Með 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo sem henni var breytt með lögum nr. 133/2001. Lagt er til að kæra megi ákvarðanir skattstjóra um reiknað endurgjald á staðgreiðsluári til ríkisskattstjóra, sem taki endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjaldsins á staðgreiðsluári. Þar sem ákvörðun reiknaðs endurgjalds á staðgreiðsluári er bráðabirgðaákvörðun tel ég að breyting þessi yrði til mikilla bóta. Í frumvarpsákvæðinu kemur ekkert fram um þann frest, upphaf hans eða lengd, sem kærendur hafa til slíks málsskots. Í lögum nr. 45/1987 eru engin ákvæði um málsmeðferð við ákvörðun eða breytingu á reiknuðu endurgjaldi og ekki er að finna í þeim almenna tilvísun í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, varðandi málsmeðferð. Ég tel mjög brýnt að úr því verði bætt.

Virðingarfyllt

Gestur Steinþórsson

Gestur Steinþórsson





Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2.apríl 2002

Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr.129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 582.mál.

1. Inngangur

Þetta frumvarp felur í sér breytingar varðandi þrenn lög sem snerta öll tekju- og eignaskatt en breytingarnar teljast svo óverulegar að til einföldunar voru þær sameinaðar í frumvarpinu. Þær miða að því að styrkja þá framkvæmd að maður sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skuli reikna sér endurgjald sem myndi stofn til tryggingagjalds og lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs. Einnig að kveðið verði á um kæruehimild til ríkisskattstjóra á ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu.

2. Frumvarpið

SVP telja ekki ástæðu til athugasemda við þetta frumvarp sem heild eða einstaka hluta þess.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1596
komudagur 3.4.2002



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2002.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 113/1990 um tryggj og fleiri lögum (582. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Asthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/1594
komudagur 3.4.2002



2. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 18. mars 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga umtryggingagjald o.fl., 582 mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson

forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Hér er um að ræða fjórar breytingar:

- a) með breytingu á ákvæðum um reiknað endurgjald er verið að jafna stöðu einstaklinga gagnvart tekjusköttum og breikka skattgrunn. Þjóðhagsstofnun mælir með þessari breytingu.
- b) með breytingu á ákvæðum um að greiða skuli í lífeyrissjóð af reiknuðu endurgjaldi er unnið að sama markmiði og styður Þjóðhagsstofnun þá breytingu.
- c) heimild lífeyrissjóða er breikkuð og er þeim heimilað að fjárfesta í verðbréfum frá Liechtenstein með sama hætti og í ríkjum OECD. Þetta er eðlileg útvíkkun á ákvæðinu.
- d) Kæruheimild til ríkisskattstjóra á ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu. Verði hér um hagkvæmara úrræði að ræða er Þjóðhagsstofnun fylgjandi breytingunni.